

Arctic Smolt ehf.  
Aðalstræti 20  
400 Ísafirði

Reykjavík, 1. nóvember 2019  
UST201909-197/F.T.  
08.14.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 20. september sl. þar sem áformað var að áminna Arctic Smolt ehf. vegna frávíka sem fram komu í eftirliti þann 19. júní 2019 í Arctic Smolt, Tálknafirði. Þann 28. október sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### **Frávikin eru eftirfarandi:**

- 1. Gr. 3.5 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með settjörn og tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði. Við útrás má ekki vera froða. Yfirfallsfrárennslí eftir tromlusíur frá húsi H1 fer ekki í settjörn heldur beint í fjöru og froða var greinileg við útrásina. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að frárennslislögn frá húsi H1 sé fyrir vatn sem þegar hafi farið í gegnum lífhreinsi og tromlusíur og sé því að sambærilegum gæðum og inntökuvatn. Virkni lífhreinsa sem og tromlusía sé metin með daglegum mælingum á vatnsgæðum í eldisstöðinni og mánaðarlegum mælingum á frárennslí. Þegar eftirlitsheimsókn fór fram, var að sögn rekstraraðila, ekki búið að stilla tromluhraða nægjanlega sem og breyta hreinsun tromlu. Það hafi nú verið lagfært og hraði tromlu sem og hreinsun á dúk með vatni komið þannig fyrir að virkni hafi verið í lagi síðustu mánuði og ekki hafi orðið vart við neina froðumyndun við frárennslisrör. Með úrbótum í tengslum við frávik 2 væri, ásamt framangreindu, komið í veg fyrir hættu á froðumyndun og telur rekstraraðili að með þessu og lagfæringu á endurnýtingarkerfi sé frávikinu lokið.**
- 2. Gr. 3.5 í starfsleyfi.** Frárennslislögnum skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Frárennslí úr settjörn og úr húsi H1 rennur út í fjöru. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að þegar sé unnið að úrbótum vegna þessa. Verkefnið snúi að söfnun á síuðu affallsvatni frá eldishúsum og því veitt út með röri meira en 5 metrum niður fyrir meðalstórstraumsfjöru. Erindi þess efnis og tenging við frekari framkvæmdir hafi verið sent til byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps og sé, ásamt öðrum málum, í vinnslu vegna deiliskipulags. Samkvæmt rekstraraðila sé óvíst hvað framangreint taki langan tíma, auk þess að ekki sé auðvelt að ráðast í slíka framkvæmd að vetri til. Fyrri tímamörk verksins séu því fyrir lok september 2020, hafi tilskilin leyfi verið veitt. Seinni tímamörk m.t.t. vinnslutíma leyfisumsókna er september 2021.**


**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **39.600 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri



Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða